

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn – umsögn

Til umsagnar er tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn. Er markmiðið að kanna hvort skilgreina eigi rétt foreldra eða forráðamanna á vinnumarkaði til að annast veikt eða slasað barn með tilliti til fjölda barna.

Umhyggja – félag langveikra barna fagnar þessu og styður eindregið skipun starfshóps um málið. Um er að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir öll börn í landinu og ekki síst þau sem glíma við langvinn veikindi. Í núverandi fyrirkomulagi standa börn sannarlega ekki jafnvíg þegar kemur að möguleikum þeirra til að njóta umönnunar foreldra eða forráðamanna, þar sem fjöldi barna í fjölskyldu hefur áhrif á það hversu marga daga foreldri getur verið heima með hverju veiku barni án þess að verða fyrir tekjuskerðingu. Sem dæmi má nefna að í dag getur einkabarn tveggja foreldra notið umönnunar foreldra sinna samtals 20 veikindadaga á ári. Hins vegar getur barn einstæðs foreldris sem er hluti af þriggja barna systkinahópi aðeins notið umönnunar foreldris í 3,3 daga á ári. Því miður spyrja veirur og bakteríur ekki um stöðu heima fyrir áður en þær taka sér bólfestu í barni. Því er brýnt að þetta sé leiðrétt og veikindadagar barna fylgi hverju og einu barni, enda ætti réttur hvers barns til umönnunar foreldris að vera sá sami óháð systkinafjölda.

Umhyggja vill um leið leggja fram eindregna ósk um að væntanlegur starfshópur skoði hvort breyta skuli þeirri almennu reglu að veikindadagar barna gildi aðeins fyrir börn fram að 13 ára aldri. Færa má rök fyrir því að heilbrigð börn sem veikjast af umgangspestum geti í flestum tilvikum verið ein heima séu þau orðin eldri en 13 ára. Í tilvikum barna með langvinna sjúkdóma, fatlanir eða stuðningsþarfir á þetta hins vegar ekki við. Það gefur auga leið að börn sem hafa meiri stuðningsþarfir en gerist og gengur hætta ekki að þurfa á slíkum stuðningi að halda, þegar þau eru veik heima, daginn sem þau verða 13 ára. Sem dæmi má nefna að vandkvæði t.d. barna með sykursýki aukast mjög oft þegar þau ná unglingsaldri, einmitt vegna breytinga í hormónakerfum líkamans, þannig að barn sem er 13-14 ára getur þurft meiri aðstoð í veikindum en barn sem er 11 ára. Þykir okkur því eðlilegt og brýnt að miðað sé við að öllum þeim börnum sem eru með umönnunargreiðslur fylgi veikindaréttur til 18 ára aldurs.

Umhyggja – félag langveikra barna áréttar einlægan áhuga og vilja til samráðs í málinu og er tilbúið að koma að því á öllum stigum í framhaldinu.

Fyrir hönd Umhyggju – félags langveikra barna,

Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri

